

## Fundargerð 8. fundar stjórnar SSA 18. apríl 2017

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Margrét Guðjónsdóttir og Gunnar Jónsson. Jón Björn Hákonarson var á síma. Stefán Grímur Rafnsson hafði boðað forföll og fengið varamann í sinn stað. Sá afboðaði sig á fundinn vegna anna skömmu fyrir fund.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerðir frá 7. stjórnarfundi SSA, 6. fundi framkvæmdaráðs og 4. fundi samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis. Fundargerð 10. fundar stjórnar SvAust ehf. lögð fram til kynningar.
2. Fundargerðir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sunnlenskra veitarfélaga og frá vorfundi landshlutasamtaka. Lagðar fram til kynningar. Stjórn mun ítreka boð sitt til fulltrúa Norðausturkjörsvæðis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga á næsta fund stjórnar SSA. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að vinna drög að minnisblaði um áhrif 90 daga reglunnar á sveitarfélög á landsbyggðinni í samráði við stjórnarmenn og haghafa, s.s. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, sem og um málefni heilbrigðiseftirlita á landsbyggðinni, breytingar hjá Mannvirkjastofnun faggilding / skoðunarstofur er varðar byggingaefirlit og skipulag strand- og hafsvæða.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum til afgreiðslu.
  - a) Erindi frá Þórnari Hávarðssyni. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að benda Þórnari á að sækja um styrk til þessa verðuga verkefnis í Uppbyggingarsjóð Austurlands.
  - b) Afsláttur SSA hjá Flugfélagi Íslands.
  - c) Styrkir úr fornminjasjóði.
  - d) Fundargerð frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.
  - e) Minnisblað frá Heilbrigðisnefnd Austurlands til sveitarfélaga varðandi stjórnsýslu í umhverfi HAUST. **Stjórn SSA tekur undir þær áhyggjur sem fram kom í minnisblaðinu og brýnir sveitarfélög á starfssvæði sínu að skoða þessi mál gaumgæfilega og gæta þess í umsögnum sínum.** Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að koma minnisblaðinu og bókun stjórnar SSA á framfæri við sveitarfélögin.



f) Gögn frá Starfa (Starfsendurhæfingu Austurlands).

g) Boð á fund fjárlaganefndar Alþingis. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að kalla eftir áherslumálum sveitarfélaganna og óska eftir frekari upplýsingum um umræðuefni fundarins frá fjárlaganefnd.

**2. Fulltrúar frá Djúpavogshreppi.** Gestir: Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps og Sóley Dögg Birgisdóttir, kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd Djúpavogshrepps. AS, fulltrúi Djúpavogshrepps í stjórn SSA, fór yfir stöðu í sameiningarviðræðum við Höfn í Hornafirði og Skaftárhrepp. Gert er ráð fyrir íbúakosningu um sameiningu í haust ef sveitarfélögin telja grundvöll fyrir því að loknum viðræðum. Viðræður eru komnar nokkuð vel á veg, undir handleiðslu KPMG. Ekki hefur verið skoðað til hlítar hvort Djúpavogshreppur geti áfram átt aðild að SSA ef til sameiningar kæmi. AS benti á þá staðreynd að ekki hefði orðið af þeim samgöngubótum sem þó hefur verið barist fyrir um árabíl, þ.e. uppbyggingu heilsársvegar um Öxi, sem væri lykilatriði til að tengja Djúpavogshrepp við miðsvæði Austurlands. Taldi hann að lengi vel hefði ekki náðst nægileg samstaða um þetta brýna mál. Það hefur m.a. haft þær afleiðingar að ekki hefur reynst hægt að tengja Djúpavogshrepp með almenningsamgöngum við miðsvæði Austurlands. Djúpavogshreppur hefur viljað kanna aðrar lausnir á samstarfi þó að hugur þeirra hafi staðið til áframhaldandi tengingar við aðildarsveitarfélög SSA.

Rætt um hlutverk landshlutasamtaka í sameiningarferlum einstakra sveitarfélaga og hvort til framtíðar verði ekki að horfa til þess að sameina sveitarfélög á starfssvæði SSA í eitt sveitarfélag. ***Stjórn SSA lýsir yfir áhyggjum af því hver þróunin verði á Austurlandi ef Djúpavogshreppur hverfur úr Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Sýnt er að það myndi veikja mjög stöðu landshlutasamtakanna og Austurlands í heild sinni. Brýnt er að sveitarfélög innan vébanda SSA leggist á eitt um að efla samgöngur á milli byggðakjarna þannig að hér geti orðið blómleg byggð til frambúðar.***

### **3. Innri málefni.**

1. Minningarsjóður Ragnhildar Metusalemsdóttur og Stefáns Péturssonar – staða. Lagt fram til kynningar.
2. Tillaga um sameiginlegt málþing með samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. Stjórn SSA samþykkir þau drög sem lögð eru fram til kynningar. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að vinna að verkefninu í samvinnu við samtök sjávarútvegssveitarfélaga.
3. Samningur við Strætó bs. – upplýsingagjöf. Stjórn SSA samþykkir samninginn.
4. Þróunarstyrkir Vegagerðarinnar 2017. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að fylgja málinu eftir í samræmi við ákvarðanir stjórnar SSA frá árinu 2016 um þessa styrki.



#### 4. Önnur mál.

1. Óskir um umsögn þingmála. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að vinna umsögn um þau þingmál sem stjórn ræddi á fundi sínum í samræmi við ályktanir aðalfundar.
2. Bréf frá verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú. BB vék af fundi.
3. Svar Skipulagsstofnun – starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Lagt fram til kynningar.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 16. maí kl. 12.30 á Reyðarfirði.

Fundi slitið kl. 15.10.

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Jónsson

\_\_\_\_\_  
Hákon Hansson

\_\_\_\_\_  
Andrés Skúlason

\_\_\_\_\_  
Margrét Guðjónsdóttir

